

14. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

9. janúar 2020, Reykjavík kl. 18:15

Mættir eru: Geir Finnsson (GF), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Sara Þöll Finnbogadóttir, Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS), (SÞF), Rut Einarsdóttir (RE), Una Hildardóttir (UH).

Frá skrifstofu: Sigurður Helgi Birgisson (SHB)

Fundur settur: 18:25

Fundarstjóri: Geir Finnsson (GF)

Fundarritari: Sigurður Helgi Birgisson (SHB)

Dagskrá:

1. **Fundargerð 12. stjórnarfundar** til samþykktar. Samþykkt.
2. **Frá skrifstofu:**
 - 2.1. NORA og líffræðileg fjölbreytni. Vinnustofa í febrúar. Heiða Vigdís hefur verið ráðin til að skipuleggja og framkvæma. Verkefnastjórn fundaði 8. jan. 2020. Getum fengið Norrænahúsið sem styrk 22. febrúar. Lagt upp með að dagskráin verði í meginráttum tvíþætt, þ.e. vinnustofa og pallborðsumræður en vinnustofum komið af stað með kynningu/kynningum. Lagðar fram hugmyndir að fræðimönnum til að taka þátt og mögulegum styrktaraðilum.
3. **Samstarf við félagsmálaráðuneytið**
 - 3.1. Fyrsta verkefni eftir undirritun samnings. Frumvarp til laga um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna var sent til LUF rétt fyrir jól.
 - 3.2. LUF beðið um umsögn um frumvarpið 10. jan 2020. Drög að umsögn um frumvarpið liggja fyrir. SHB gerir grein fyrir meginþáttum frumvarpsins sem snúa að samþættingu í þjónustu og frekari tengsla milli stofnana sem sinna velferðarþjónustu. Athugum hvort við getum fengið örlítinn frest.
4. **Alþjóðamál:**
 - 4.1. Sendinefnd LUF hjá SÞ.
 - 4.1.1. Bréf til forsætisráðuneytisins sent og samþykkt. Fundi með Ástu Bjarnadóttur hjá ráðuneytinu frestað.
 - 4.2. Nordic Youth in Sustainable Communities (NUBF).
 - 4.2.1. DUF höfðu samband vegna verkefnis þeirra með Menntamálaráðuneytinu í DK. Verið að móta styrktarsjóð sem styrkir samstarfsverkefni innan Norðurlandanna (Starfræktur 2020, 2021 og 2022 - 1,5 millj. DKK á ári).
 - 4.2.2. Okkur boðið að fá tvö sæti í stýrinefnd sem ákveður formskilyrði og annast úthlutun. Fyrsti fundur 4. feb. 2020 í Kaupmannahöfn. Ákveðið að skipa SHB frá skrifstofu og UH úr stjórn.
 - 4.2.3. Auglýsum sjóðinn og fáum aðildarfélög til að taka þátt.
 - 4.2.4. Boðið upp á þjálfun fyrir aðila sem munu standa að viðburðum. (Apríl/Maí 2020)
 - 4.3. YFJ COMEM 22-23 nóvember. SÞF fór fyrir LUF. SÞF segir frá fundinum en mikil ósætti voru meðal aðildarfélaga með vinnubrögð stjórnar og afgreiðslu ályktana og ákvarðana. Stjórn lagði m.a. fram vinnuáætlun en neituðu að taka til greina breytingatillögur á framvindumati áætlunarinnar. Þá voru

aðildarfélög þvinguð til að draga til baka ályktanir sem þau lögðu fram til samþykktar vegna tímaskorts. Skýrsla lögð fram.

5. Styrkumsóknir:

- 5.1. Æskulýðssjóður 15. október: Stjórnmalaskóli LUF (sótt um fyrir 700.000 kr.) og Skuggaþing (sótt um fyrir 3.100.000 kr.). Umsókn v. stjórnmalaskóla hafnað þar sem Æskulýðssjóður valdi frekar að styrkja Skuggaþing og fjármagn sjóðsins nægir ekki til að styrkja við bæði verkefni.
- 5.2. Umsókn v. Skuggaþings samþykkt að hluta (1.800.000 kr.). Þurfum að láta vita hvort við samþykkjum styrkinn og skilmála. Ef við samþykkjum styrkinn þarf að finna aðrar leiðir til að fjármagna reksturinn á bakvið verkefnið. Samþykkt að þiggja styrkinn en næsta stjórn mun þurfa að framkvæma. Skv. umsókn var áætlað að framkvæma í mars en ljóst að sú tímasetning er óraunhæf þar sem svar barst í lok desember 2019 og styrkurinn mun ekki nægja fyrir starfsmannakostnaði. (Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) mætir).

6. 4. Fulltrúaráðsfundur.

- 6.1. Dagsetning í janúar.
 - 6.1.1. Miðvikudagur 22. janúar 2020.
 - 6.1.2. Dagskrá - undirbúningur fyrir sambandsþing. Leggjum fram breyttar reglur um Alþjóðanefnd LUF.
 - 6.1.3. Skipun kjörstjórnar. Stjórn leggur fram tillögu til samþykktar. Ákveðið að SHB og LMJ verði lögð til ásamt einum aðila til viðbótar.
 - 6.1.4. Félagi ársins - óvíst með fjármögnun. LMJ tekur að sér að skipuleggja og halda utan um viðburðinn. Þar sem viðburðurinn er ekki fjármagnaður þurfum við að halda væntingum og kostnaði í lágmarki en reynum að samtvinnna við sambandsþing.

7. Næsti stjórnarfundur.

- 7.1. Vinnufundur 16. janúar 2020.
- 7.2. Undirbúningur fyrir fulltrúaráðsfund og sambandsþing.

8. Önnur mál

Fundi slitið kl. 20:12.

SHB ritaði fundargerð.